



Borgarráð

Viljayfirlýsing á milli Reykjavíkurborgar, heilbrigðisráðuneytis, fjármála- og efnahagsráðuneytis, innviðaráðuneytis, Landspítala, Landhelgisgæslu og stýrihóps um skipulag Landspítala um deiliskipulag annars áfanga uppbyggingar Landspítalans og samstarf um lendingarstað fyrir björgunarþyrlur í Nauthólsvík

Lagt er til að borgarráð staðfesti hjálagða að viljayfirlýsingu á milli Reykjavíkurborgar, heilbrigðisráðuneytis, fjármála- og efnahagsráðuneytis, innviðaráðuneytis, Landspítala, Landhelgisgæslu og stýrihóps um skipulag Landspítala um deiliskipulag annars áfanga uppbyggingar Landspítalans og samstarf um lendingarstað fyrir björgunarþyrlur í Nauthólsvík.

Einar Þorsteinsson
borgarstjóri

Hjálagt:

Viljayfirlýsing á milli Reykjavíkurborgar, heilbrigðisráðuneytis, fjármála- og efnahagsráðuneytis, innviðaráðuneytis, Landspítala, Landhelgisgæslu og stýrihóps um skipulag Landspítala um deiliskipulag annars áfanga uppbyggingar Landspítalans og samstarf um lendingarstað fyrir björgunarþyrlur í Nauthólsvík.

Viljayfirlýsing á milli Reykjavíkurborgar, heilbrigðisráðuneytis, fjármála- og efnahagsráðuneytis, innviðaráðuneytis, Landspítala, Landhelgisgæslu og stýrihóps um skipulag Landspítala um deiliskipulag annars áfanga uppbyggingar Landspítalans og samstarf um lendingarstað fyrir björgunarþyrlur í Nauthólsvík

Skipulagsvinna og undirbúningur annars áfanga Landspítalans

Stýrihópur um uppbyggingu Landspítala samþykkti á síðasta ári að hefja undirbúning annars áfanga uppbyggingar spítalans á vettvangi stýrihóps og NLSH. Ráðist hefur verið í rýniverkefni, unnið með fremstu sérfræðingum í skipulagi sjúkrahúsa, við endurmat annars áfanga og sviðsmyndir við uppbyggingu húsnæðis í ljósi breyttra þarfa lagðar fram. M.a. er um að ræða húsnæði vegna dag-, göngu- og legudeilda, húsnæði fyrir geðheilbrigðisþjónustu spítalans og spurningar um hvaða starfsemi fari mögulega inn í eldra húsnæði Landspítalans þegar nýbyggingar hafa verið teknar í notkun. Á grunni þessara tillagna verða til staðar lausnir, þegar unnið verður að valkostum í ljósi niðurstöðu stefnumörkunar og þarfagreiningar Landspítala.

Borgarráð hefur samþykkt að umhverfis- og skipulagssviði verði falið að hefja undirbúning að endurskoðun deiliskipulags annars áfanga nýs Landspítala við Hringbraut. Skipaður verði hópur sem haldi á skipulags- og samgönguþætti verkefnisins í samvinnu við fulltrúa verkefnisins og NLSH, auk borgarhönnunar, en einnig skilgreindir tengiliðir frá eignaskrifstofu, vegna fjárfestingaáætlunar, og skrifstofu borgarstjóra og borgarritara vegna eldri samninga og hugsanlegrar samningagerðar þessu tengt.

Vegna takmarkaðs landrýmis til uppbyggingar við Hringbraut er ljóst að ákvarðanir um einstök mannvirki í öðrum áfanga hanga saman, þ.e. að við hverja ákvörðun um nýtingu lands við Hringbraut minnkar það rými sem eftir er til ráðstöfunar. Eðlilegur hluti af skipulagsvinnunni er að uppfæra bílastæðamat og útfærslu bílastæða fyrir heildaruppbygginguna, m.a. í ljósi tilkomu Borgarlínu og öflugrar uppbyggingu í þágu virkra ferðamáta.

Jafnframt er unnið að frumhönnun og útfærslu á Miklubrautarstokki sem gæti einnig verið útfærður sem jarðgöng. Hugmyndir um skipulag á yfirborði liggja fyrir eftir hugmyndaleit. Þær geta skapað tækifæri til að hugsa betri og eðlilegri tengsl til lengri tíma á austurhluta spítalaskvæðisins við Snorrabraut og svæðið sem verður til ofan á stokknum/göngunum. Einnig þarf að meta hvort gera þurfi ráð fyrir frekari uppbyggingu spítalastarfsemi á framtíðarbyggingarlandi í Vatnsmýri eða annars staðar.

Lendingarstaður fyrir þyrlu í Nauthólsvík

Markmið þessarar viljayfirlýsingar er að tryggja að til staðar verði í nálægð Landspítala lendingarstaður, þyrlupallur, með blindflugsbúnaði fyrir björgunarþyrlur af stærstu gerð til þess að valkostur verði til staðar við neyðarflutning á sjúklingum til Landspítala. Þar sem sjúklingar sem eru fluttir með björgunarþyrlu á Landspítala eru líklegir að vera alvarlega slasaðir eða mikið veikir er mikilvægt að flutningstími milli þyrlupalls og bráðamóttöku sé sem stytstur.

„Í samræmi við samkomulag ríkis og Reykjavíkurborgar frá 2019 verður rekstraröryggi flugvallarins tryggt **„meðan undirbúningi og gerð nýs flugvallar stendur“** (gr. 5.). Verði innanlandsflugi fundinn nýr staður mun aðstaða til þyrlulendinga vegna þjónustu Landhelgisgæslunnar þó áfram heimil á svæðinu, samkvæmt ákvörðun í deiliskipulagi. **Sjá nánar markmið og ákvæði í staðfestu aðalskipulagi (AR2040) og samkomulag um athugun í Hvassahrauni frá 28. nóv. 2019**

Borgarlínustöð verður staðsett við meðferðarkjarna Landspítalans og sjúkrabílar munu fá m.a. með tilkomu Borgarlínu forgangsakstursreinar að Landspítalanum frá Nauthólsvík, jafnt sem sérstakar neyðarreinar eru á Fífilsgötu að Landspítala, sem er vestan megin við spítalann.

Aðilar samkomulagsins lýsa yfir vilja að koma að gerð deiliskipulags vegna þyrlupalls í Nauthólsvík en einnig að mögulegar deiliskipulagsbreytingar á Landspítalalóð við Hringbraut taki mið af þeirri niðurstöðu.

Nánar:

Nýtt rannsóknahús Landspítalans mun geta borið þyrlupall, en legið hefur ljóst fyrir að einungis sjónflug yrði heimilt á slíkan þyrlupall og eftir því sem björgunarþyrlurnar verða stærri mun umfang þyrlupalls sem byggingarmannvirki verða meira og hæð pallsins meiri, sem veldur hugsanlegum töfum við flutning á sjúklingum á bráðamóttöku.

Með því að tryggja einnig þyrlupall í Nauthólsvík skapast tækifæri til frekari þróunar á Hringbrautarsvæðinu við endurmat annars áfanga uppbyggingar á skipulagi Landspítala og þróun deiliskipulags Landspítalalóðar í sameiginlegri vinnu stýrihóps um skipulag Landspítala og Reykjavíkurborgar.

Á sama hátt mun deiliskipulagsgerð við Nauthólsvík tryggja að þyrlupallurinn sé hannaður í samræmi við þá þyrlustærð sem miðað er við á Norðurlöndum við björgun og leit. Þá sé öryggissvæði við þyrlupallinn skv. alþjóðlegum reglum og að þyrlupallurinn sé þannig staðsettur að flug inn á hann sé sem hindrunarlausast og að framtíðarþróun bygginga og gróðurs auki ekki hindranir fyrir flug að og frá pallinum.

Þrátt fyrir að neyðarflugslendingar séu árið 2023 um 60 talsins þarf að gera ráð fyrir að þeim fjölgi og að leyfðar séu lendingar á öllum tímum sólarhringsins. Þar sem álag getur orðið mikið ef um hópshlys er að ræða þarf pallurinn að geta tekið við tveimur þyrlum í einu og stærð hans yrði því miðuð við það.

Til upplýsingar; dreifing viljayfirlýsingarinnar

Reykjavíkurborg	Einar Þorsteinsson, borgarstjóri	ainar.thorsteinsson@reykjavik.is
Heilbrigðisráðuneyti	Ásta Valdimarsdóttir, ráðuneytisstjóri	asta.valdimarsdottir@hrn.is
Fjármála- og efnahagsráðuneyti	Tómas Brynjólfsson, ráðuneytisstjóri	tomas.brynjolfsson@fjr.is
Innviðaráðuneyti	Hermann Sæmundsson, ráðun.stj.	hermann.saemundsson@irn.is
Landspítali	Runólfur Pálsson, forstjóri	runolfur@landspitali.is
Landhelgisgæslan	Georg Lárusson, forstjóri	georg@lhg.is
Stýrihópur	Ásgeir Margeirsson, formaður	asgeir@unnarholt.is

Afrit:

NLSH	Finnur Árnason, formaður	finnur@nlsh.is
	Gunnar Svavarsson, framkv.stj.	gunnar@nlsh.is